

## VIÐAUKI 1

við samstarfssamning HÍ, HA, LBHÍ og HH um stoðþjónustu, dags. 9. maí 2011

### I. Hugbúnaðarþróun (upplýsingakerfið Ugly):

- a. *Skilgreining:* Upplýsingakerfið Ugly vísar til safns hugbúnaðarkerfa sem eru sérhönnuð fyrir háskólastarfsemi og sem styðja við ýmsa umsýslu og þjónustu innan háskóla. Markhópar notenda eru nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn.
- b. *Markmið:* Samstarf á sviði hugbúnaðarþróunar miðar að því að innleiða og þróa áfram sömu grunnkerfi fyrir utanumhald um nemendur, starfsmenn og kennslu (sbr. vinnuskjal um upplýsingakerfi sem samþykkt var í verkefnisstjórn samstarfsins 17. janúar 2011). Byggt verður á því safni hugbúnaðarkerfa HÍ sem nefnt er “Ugly”, með nauðsynlegri aðlögun í ljósi helstu kosta upplýsingakerfisins “Stefaníu” sem þróað hefur verið af HA.
- c. *Stjórnun:* Stýring og umsjón með samstarfi um upplýsingakerfið Ugly verður tvíþætt, með stýrihóp og verkefnisstjórn.
  - i. *Stýrihópur:* Stýrihópur vegna innleiðingar verður skipaður einum til tveimur fulltrúum frá hverjum skóla. Þessi hópur ber ábyrgð á innleiðingu og áframhaldandi þróun upplýsingakerfanna, þ.m.t. þjálfun starfsmanna, aðlögun verkferla, upplýsingastreymi og annað samráð.
  - ii. *Verkefnisstjórn Ugly:* Frá og með 21. febrúar 2011 hafa HA, LBHÍ og HH einn sameiginlegan fulltrúa í verkefnisstjórn Ugly. Verkefnisstjórnin hefur stefnumótunar- og eftirlitshlutverk varðandi rekstur, viðhald og þróun upplýsingakerfanna. Allar beiðnir um breytingar á kerfunum eru afgreiddar af verkefnisstjórn og hennar verkefni er að forgangsraða beiðnum út frá ákveðnum viðmiðum sem fram koma í erindisbréfi. Endurskoðað erindisbréf verkefnisstjórnar var gefið út af sviðsstjóra kennslusviðs HÍ 21. febrúar 2011.
- d. *Þjónusta og þjónustustig:* Háskóli Íslands skuldbindur sig til að veita HA, LBHÍ og HH sömu þjónustu hugbúnaðarþróunardeildar RHÍ við þróun kerfanna og umsýslu og veitt er innan HÍ. Í því felst eftirfarandi:
  - i. Þátttaka í áframhaldandi þróun kerfanna, gegnum stýrihóp og verkefnisstjórn.
  - ii. Jafn aðgangur að nauðsynlegri þjónustu við notkun og rekstur kerfanna.
  - iii. Jafn aðgangur að öllum þeim kerfiseiningum sem tilheyra Uglynni, en eru þó ekki skuldbundnir til að nýta þær allar.
  - iv. Hver skóli hafi sinn tengilið og fullan aðgang að aðstoð og ráðgjöf starfsmanna deildarinnar, þar með talið gegnum neyðarsíma.
  - v. Handbækur og námskeið verða þróuð í samstarfi RHÍ, stýrihóps og kennslumiðstöðvar HÍ og verða jafn aðgengileg öllum skólunum.
  - vi. Námskeið í notkun Ugly verði í boði í öllum skólunum a.m.k. einu sinni á ári.


- vii. Hýsing og kerfisstjórn er á ábyrgð Reiknistofnunar Háskóla Íslands og er hluti af samningi þessum.
- e. *Ábyrgð á þjónustustigi:* Forstöðumaður Reiknistofnunar HÍ ber ábyrgð á því að þjónusta við alla skólana sé ávallt í samræmi við samning þennan.
- f. *Starfsmannamál:* Í marsmánuði 2011 hóf störf einn starfsmaður til viðbótar þannig að alls starfa við hugbúnaðarþróun Uglu 5,5 starfsmenn. Annar starfsmaður verði ráðinn fyrir haustið 2011. Alls er um að ræða viðbót um tvö stöðugildi. Á hverjum tíma liggi fyrir yfirlit um starfsmenn og verkefni þeirra. Gert er ráð fyrir að einn starfsmaður muni hafa starfsstöð að hluta eða öllu leyti við HA, LBHÍ eða HH en um tilhögun starfsins verði samið sérstaklega.
- g. *Eignaréttur:* Gögnin í kerfunum verða eign hvers skóla, en grunnkóði kerfanna er eign Háskóla Íslands. Ef til slita samstarfs kemur að frumkvæði HÍ hefur hver skóli heimild til að halda hjá sér þeim hluta grunnkóðans sem þarf til að reka og þróa kerfin áfram, eða þar til yfirfærslu í önnur kerfi er lokið. Vegna sérstöðu upplýsingakerfa sem grunnþáttar í rekstri hvers skóla er uppsagnafrestur lengdur, umfram það sem segir í rammamningi, í 18 mánuði og uppsögn ekki möguleg nema að undangengnum formlegum viðræðum aðila, þar sem leitað er annarra leiða til lausnar ágreinings.
- h. *Kostnaðarskipting:* Árlegar greiðslur hvers skóla fyrir þjónustu hugbúnaðarþróunardeildar RHÍ eru reiknaðar skv. eftirfarandi:
- i. Sá kostnaður sem til skiptingar kemur er beinn launakostnaður og launatengd gjöld miðað við 6,5 stöðugildi í hugbúnaðarþróun Uglu, auk 12,5% álags fyrir húsnæði, tölvur, síma, starfsmannakostnað og ferðakostnað.
  - ii. Kostnaður fyrir upplýsingakerfi og hugbúnaðarþróun skiptist milli skólanna fjögurra í samræmi við fjölda nemendaígilda í samþykktu fjárlagafrumvarpi hverju sinni.
  - iii. Kostnaðarskipting hvers almanaksárs er ákveðin í október árið á undan og er hún byggð á launakostnaðaráætlun ársins á eftir og ofangreindu viðmiði (ii). Allar breytingar á fjölda stöðugilda sem undir samninginn heyra skulu samþykktar af rektorum skólanna.
  - iv. Áætluð kostnaðarskipting ársins 2011 kemur fram í töflu sem er fylgiskjal við samning þennan. Miðað er við að að þjónusta hugbúnaðarþróunar hefjist 1. mars 2011.
  - v. Ef um er að ræða lausn á einstökum kröfum, sem aðeins eiga við um einn skóla og sem hinir skólarnir geta ekki nýtt sér, ber sá skóli kostnað af þeim þætti.
- i. *Lykildagsetningar við innleiðingu:* Innleiðing á upplýsingakerfum þeim er um ræðir verður gerð í áföngum á árinu 2012. Miðað er við að öll gögn verði flutt yfir í sama nemendaskrákerfi eigi síðar en í júní 2012. Uptaka annarra kerfishluta í Uglu verði í samræmi við óskir hvers skóla, en þó þannig að grunnkerfin verði að mestu innleidd í lok árs 2012.



Reykjavík, 9. maí 2011

  
Rektor Háskóla Íslands

  
Rektor Háskólans á Akureyri

  
Rektor Landbúnaðarháskóla Íslands

  
Rektor Hólaskóla-Háskólans á Hólum